



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Hangouts - 25.6.2019 kl. 18:00

Mætt:

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Stefán Örn Steinþórsson (SÖS), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Baldvin Hansson (BH), Halldór Jóhannsson (HJ), Ragnar Róbertsson (RR)

Fjarverandi:

Arnar Már Pálmarrsson (AMP), Sigurjón Andersen (SA)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Drónaflug

ÞA falið að bæta inn takmörkunum á fjölda dróna og fyrirmæli um hvar fljúga megi, sem er ekki í takmörkunarluta regla AKÍS um dróna. Auk þess að bæta við tenglum á veggspjöld Samgöngustofu um drónaflug. Senda á formenn aðildarféлага og láta vita af uppfærðum reglum.

2. Skil á úrslitum

Borið hefur á því að keppnishaldarar hafa skilað úrslitum seint. Þegar það gerist mun í framtíðinni sett skilaboð þar sem stigatöflur viðkomandi greina eru að það vanti úrslit frá keppninni. Stjórn leggi fyrir formannafund 9. nóvember næstkomandi mögulegar lausnir á þessu máli.

3. Opnað fyrir styrki hjá FIA

Opið er fyrir styrkumsóknir hjá FIA frá 3. júní til 23. ágúst 2019. Frekari lýsingar má finna á vefslóðinni: <http://www.sport.fia-grants.com/>

4. FIA Motorsport Games

FIA opnar 1. júlí fyrir skráningu í landskeppni í nokkrum greinum. [Sjá nánar hér.](#)

5. Öryggisbúr

Þýðing á reglum er hafin og stefnt að því að þær verði gefnar út fyrir næsta keppnistímabil.

6. Önnur mál

Mótakerfið - ný útgáfa verður sett í loftið í þessari viku.

Öryggi brauta - SGS mun koma með fyrir næsta fund tillögur um aðgerðir til að bæta öryggi keppnistækja vegna útafaksturs og umhverfi brauta.

7. Næsti fundur

Google Hangouts 9. júlí 2019 kl. 18:00.